

PRÓF til viðurkenningar bókara

III. HLUTI

Raunhæft verkefni

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: *Raunhæft verkefni í skattskilum, reikningshaldi og upplýsingatækni og er vægi hvers hluta þannig að skattskil gilda 33,33%, reikningshald gildir 44,44% og upplýsingatækni gildir 22,22%.*

Prófdagur:

Kl.:

Próftími alls: 5 tímar

**Prófblöð
vegna þessa
hluta
prófsins,
þmt. forsiða) :
12**

Leyfileg hjálpargögn:

Öll hjálpargögn á pappír leyfileg Fylgiblöð: Skattframtal
en ekki internet tenging og engin
rafræn gögn

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn.

Prófið fer fram í tölvuveri og úrlausnum skal skilað á rafrænu formi.

Prófi er skilað í Excel og sýna skal alla útreikninga.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 – 12% (36 mínútur)

Krossasurningar

Jafnt vægi er á hverri krossasurningu (1,2% hver kross) og ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. Fjárhæðin kr. 20.000 inniheldur 24,0% virðisaukaskatt. Hve hár er hann í krónum ?
 - a) 3.871
 - b) 4.800
 - c) 2.400
 - d) 4.064
 - e) Ekkert af ofangreindu
2. Eigið fé Sindra ehf. var kr. 3.455.000 í árslok 2015 en hagnaður ársins 2015 nam kr. 797.500. Hlutfé var óbreytt á árinu og enginn arður var greiddur. Arðsemi eigin fjár á árinu 2015 var því :
 - a) 33,3%
 - b) 30,0%
 - c) 23,1%
 - d) 50,0%
 - e) Ekkert af ofangreindu
3. Framlegð af vörusölu (brúttó ágóði) Dropa ehf. nam kr. 1.600.000 á árinu og sala nam kr. 4.280.000. Birgðir í lok ársins námu kr. 760.000 og innkaup ársins námu kr. 2.920.000. Hverjar voru birgðir í upphafi ársins ?
 - a) 528.000
 - b) 4.440.000
 - c) 2.160.000
 - d) 2.680.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
4. Bókfærðar viðskiptakröfur í ársreikningi Skips ehf. í árslok 2015 voru 25 milljónir króna og þar af var varúðaniðurfærsla viðskiptakrafna kr. 5 milljónir króna. Hver er hámarks afskrift viðskiptakrafna skv. tekjuskattslögum ?
 - a) 1.500.000
 - b) 5.000.000
 - c) 1.250.000
 - d) 1.000.000
 - e) Ekkert af ofangreindu

5. Einkahlutafélag kaupir lóðir til þess að byggja höfuðstöðvar sínar. Félagið veltir fyrir sér hvað eigi við um fyrningu lóðanna ?
- a) Fyrnist með 1-3% fyrningu ár hvert en ekki fyrsta árið
 - b) Fyrnist með 1-3% fyrningu ár hvert en ekki niður fyrir 10% af stofnverði
 - c) Fyrnist með 7,5-10% fyrningu ár hvert
 - d) Lóðirnar eru ekki fyrnanlegar
 - e) Ekkert af ofangreindu
6. Fyrirtækið Haf ehf. er með eitt óverðtryggt langtímalán og er staða þess í árslok 2015 kr. 6.510.000. Vaxtaþrósenta lánsins er 8,75% og síðast var greitt af láninu 31. ágúst 2015. Hverjir eru áfallnir vextir í ársreikningi félagsins (ath. 365 dagar í árinu) ?
- a) 201.256
 - b) 569.625
 - c) 188.835
 - d) 112.252
 - e) Ekkert af ofangreindu
7. Samkvæmt sjóðstreymi Malbiks ehf. var handbært fé frá rekstri kr. 600.000 og handbært fé í upphafi árs var kr. 500.000. Keypt var bifreið á árinu að fjárhæð kr. 1.600.000 en félagið staðgreiddi bifreiðina. Auk þess voru ný langtímalán tekin að fjárhæð kr. 1.000.000. Hvert var handbært fé í lok árs á árinu 2015 ?
- a) 1.100.000
 - b) 2.100.000
 - c) 1.700.000
 - d) 500.000
 - e) Ekkert af ofangreindu
8. Sala ársins 2015 hjá Grímu ehf. var kr. 11.500.000 með virðisaukaskatti og meðalstaða viðskiptakrafna á árinu 2015 var kr. 2.900.000. Hver er innheimtutími krafna í dögum á árinu 2015 (ath. 365 dagar í árinu) :
- a) 66
 - b) 146
 - c) 73
 - d) 92
 - e) Ekkert af ofangreindu

9. Greiddur var út arður til eiganda Hellu ehf. að fjárhæð kr. 1.000.000 á árinu 2015. Færsla í bókhaldi hjá Hellu ehf. verður því :
- a) Kr. 1.000.000 kredit á banka og kr. 1.000.000 debet á hlutafé.
 - b) Kr. 1.000.000 kredit á banka og kr. 1.000.000 debet á óráðstafað eigið fé.
 - c) Kr. 1.000.000 debet á banka, kr. 800.000 kredit á hlutafé og 200.000 kredit á ógreiddan fjármagnstekjuskatt
 - d) Kr. 800.000 kredit á banka, kr. 1.000.000 debet á óráðstafað eigið fé og 200.000 kredit á ógreiddan fjármagnstekjuskatt
 - e) Ekkert af ofangreindu
10. Í ársbyrjun námu eignir Lampa ehf. kr. 6.897.975 og skuldir námu kr. 5.828.854. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 1.254.325 og eigið fé hækkaði um kr. 820.500. Hverjar voru skuldir í árslok:
- a) 8.152.300
 - b) 6.262.679
 - c) 6.649.354
 - d) 7.083.179
 - e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 – 6% (18 mínútur)

Skattframtal lögaðila :

Hér að neðan eru 10 liðir úr bókhaldi fyrirtækis. Tilgreinið í hvaða reiti á skattframtali lögaðila RSK 1.04 þeir eiga að fara. Í fylgiskjali er eyðublaðið RSK 1.04 til aðstoðar.

Endanlega afskrifaðar viðskiptakröfur í 7% þrepi
Viðhald fasteigna án vsk.
Húsaleigutekjur án vsk.
Tekjur af bókhaldspjónustu
Gengistap
Söluhagnaður hlutabréfa
Inneign virðisaukaskattur
Úthlutaður arður
Bensínkostnaður af bifreið forstjórans
Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings

Verkefni 3 – 14% (42 mínútur)

Tekjuskattstofn:

Í meðfylgjandi svarblaði er fyrirbyggjandi rekstrarreikningur ársins.

Verkefni þitt er að draga fram tekjuskattstofn og reikna tekjuskatt fyrir Hamar ehf. fyrir árið 2015. Miðað er við að tekjuskattstofn sé lágmarkaður. Gerið ráð fyrir að fyrirtækið hafi einnig beitt öllum ráðum til að lágmarka skattstofn sinn á fyrra ári. Fyrirtækið gerir upp samkvæmt skattaaðferð. Hamar ehf. gjaldfærði útvarpsgjald á árinu 2015 að fjárhæð kr. 17.800.

1. Samkvæmt efnahagsreikningi voru birgðir félagsins í árslok 2015 kr. 6.500.000 en kr. 8.000.000 í upphafi árs. Ekki hefur þótt tilefni til að lækka birgðaverðmæti undanfarin ár í ársreikningum Hamars ehf. þar sem vörur á lager fyrirtækisins þykja allar vera söluvænlegar.
2. Á árinu var fyrirtækið sektað af Samkeppnisstofnun fyrir skort á verðmerkingum og nam sektin kr. 350.000 og hefur hún verið gjaldfærð í rekstrarreikningi undir liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.
3. Undir liðnum aðrar tekjur er m.a. færður söluhagnaður skrifstofuhúsnæðis sem selt var á árinu. Húsnæðið var keypt á árinu 2012 á kr. 25.000.000 og hefur verið afskrifað með leyfilegri hámarksfyrningu skv. skattalögum síðan en söluverðið árið 2015 var kr. 27.000.000.
4. Fyrir nokkrum árum keypti félagið hlutabréf í Nagla ehf. fyrir kr. 3.000.000. Á árinu 2016 var Nagli ehf. úrskurðað gjaldþrota. Þar sem ljóst var við frágang á ársreikningi Hamars ehf. fyrir árið 2015 að Nagli ehf. hafði verið úrskurðað gjaldþrota var tekin ákvörðun um að afskrifa hlutabréfaeignina á árinu 2015.
5. Félagið keypti nýjan skjávarpa í fundarherbergi félagsins að fjárhæð kr. 300.000 með virðisaukaskatti. Skjávarpinn er gjaldfærður á meðal annars rekstrarkostnaðar.

Í svari skal vísa til þeirra lagagreina og / eða reglugerðarákvæða sem við eiga hverju sinni.

Verkefni 4 – 7% (21 mínútur)

Virðisaukaskattur:

Grænland ehf. er að undirbúa skil á síðustu virðisaukaskattsskýrslu vegna nóvember og desember 2015. Fyrir liggur að skýrslur vegna janúar til og með október eru í samræmi við bókhaldið og því ekki þörf á að skila inn leiðréttingarskýrslu. Verkefni þitt er að finna út hvernig skýrslan vegna nóvember og desember eigi að líta út og fylla það inn í skyggðu reitina. Meðfylgjandi eru upplýsingar þér til aðstoðar við það.

Virðisaukaskattsskýrslur 2015

		01 - 02	03 - 04	05 - 06	07 - 08	09 - 10	11 - 12	ALLS
Sala 24,0%	A	5.600.000	4.875.000	5.500.000	6.260.870	6.615.385		28.851.254
Sala 11%	B	0	0	0	0	0		0
Undanþegin	C	0	2.000.000	0	1.000.000	0		3.000.000
Útskattur	D	1.344.000	1.170.000	1.320.000	1.502.609	1.587.692		6.924.301
Innskattur	E	1.350.000	1.155.000	1.250.000	580.000	1.350.000		5.685.000
Til greiðslu	F	(6.000)	15.000	70.000	922.609	237.692		1.239.301

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr aðalbók félagsins á tímabilinu nóvember-desember 2015. Auk þess liggur fyrir að innskattur greiddur í tolli við innflutning á vörum var kr. 300.000 á tímabilinu.

Númer	Heiti	Staða
1110	Seldar vörur með 24,0% vsk	(7.500.000)
1105	Seldar vörur (útflutningur)	(833.333)
1120	Húsaleigutekjur með 24,0% vsk	(166.667)
2110	Innkaup með 24,0% vsk	3.034.000
2110	Erlend innkaup	164.000
2310	Launakostnaður	1.319.754
2430	Launatengd gjöld	529.569
3210	Auglýsingar með 24,0 vsk.	393.600
3510	Rafmagn með 24,0% vsk	175.215
3520	Hiti með 11% vsk	42.019
3530	Húsaleiga með 24,0% vsk	631.400
3590	Viðhald húsnaðis með 24,0% vsk	395.240
3750	Risna með 24,0% vsk.	73.479
3810	Ritföng með 24,0% vsk	145.960
3811	Símakostnaður með 24,0% vsk	91.840
3813	Þjónustugjöld án vsk	11.834
3816	Kaffikostnaður með 24,0% vsk.	54.940
3872	Tölvuþjónusta með 24,0% vsk	140.619
3880	Endurskoðun með vsk.	74.784
3881	Áskriftir með 11% vsk	20.566
3888	Tryggingar	92.229
3900	Tapaðar kröfur með 24,0% vsk	65.600
4120	Afskriftir	72.436
5140	Vaxtatekjur	(201.739)
5217	Vaxtagjöld	943.379
7250	Birgðir	3.548.684
7301	Bifreið 1.1	2.890.500
7341	Áhöld og tæki 1.1	6.548.594
7343	Áhöld og tæki keypt á árinu með 24% vsk	1.845.000
7640	Viðskiptamenn	5.950.403
7659	Fjármagnstekjuskattur	242.087
7810	Bankareikningur	18.922.320
8100	Hlutfé	(615.000)
8400	Óráðstafað eigið fé	(24.441.538)
9320	Lánardrottinnar	(6.443.354)
9350	Skammtímaskuldir	(1.793.820)
9410	Ógreidd laun	(6.150.000)
9412	Ógreiddur lífeyrissjóður	(86.423)
9414	Ógreidd félagsgjöld	(12.648)
9430	Ógreidd staðgreiðsla	(264.251)
9620	Ógreitt tryggingagjald	(56.544)
9630	Uppgjörslykill vsk	145.266

Verkefni 5 – 9% (27 mínútur)

Laun og staðgreiðsla

Hér að neðan eru upplýsingar um launakjör Guðrúnar Jónsdóttur starfsmanns Tjalds ehf. vegna desember 2015. Guðrún greiðir að auki lögbundið iðgjald í lífeyrissjóð ásamt 4% í viðbótarlífeyrissjóð.

Laun	1.000.000
Ökutækjastyrkur skv. akstursdagbók	60.000
Bifreiðahlunnindi	40.000

Staðgreiðslu er skipt í 3 þrep. Fyrstu kr. 309.140 bera 37,30% skatt, næstu kr. 527.264 bera 39,74% skatt og þriðja þrepið er með 46,24% skatt. Persónuafsláttur einstaklings nemur kr. 50.902 á mánuði og tryggingagjald á árinu 2015 er 7,49%.

Verkefni þitt er að færa viðeigandi færslur í bókhaldi Tjalds ehf. vegna launagreiðslu Guðrúnar í desember árið 2015 en til þess þarftu m.a. að finna þann stofn sem staðgreiðsla hennar er reiknuð ásamt því að finna stofn til útreiknings tryggingagjalds. Gerðu ráð fyrir að laun Guðrúnar hafi verið greidd 1. janúar 2016.

Meðfylgjandi eru þeir bókhaldslyklar sem gætu komið til greina við bókun á launum Guðrúnar:

3100	Laun
3200	Tryggingargjald
3210	Lífeyrissjóðsframlag
3211	Sjóðagjöld - mótframlag
3212	Dagpeningar
3213	Bifreiðahlunnindi
3214	Mótreikningur bifreiðahlunninda
3215	Ökutækjastyrkur
3310	Tryggingar starfsfólks
3340	Kaffikostnaður
3350	Vinnufatnaður
9410	Ógreidd laun
9412	Ógreiddur lífeyrissjóður
9430	Ógreidd staðgreiðsla
9440	Ógreitt tryggingagjald
9450	Starfsmannafélag

Verkefni 6 – 6% (18 mínútur)

Félagið Sólstafir ehf. er smásöluverslun og búið að færa bókhald sitt vegna ársins 2015 en ársreikningurinn liggur ekki fyrir. Stjórnarfundur er í félaginu á morgun og framkvæmdastjóri félagsins vill fá að upplýsingar um helstu rekstrarupplýsingar fyrir árið 2015. Hér að neðan eru upplýsingar úr bókhaldinu en verkefni þitt er að aðstoða framkvæmdastjóra Sólstafa ehf. og finna kostnaðarverð seldra vara, EBITDA, birgðir í upphafi og hagnað ársins miðað við gefnar forsendur.

1	Stjórnunarkostnaður	78.000		
2	Vaxtatekjur	-33.600		
3	Birgðir í lok árs	246.000		
4	Framlegð af vörusölu (brúttó ágóði)	-530.000	e. gross profit	
5	Fenginn afsláttur af vörukaupum	-15.000		
6	Afskriftir tækja	13.000		
7	Veittur afsláttur af vörusölu	37.000		
8	Vörusala brúttó	-1.010.000		
9	Vörukaup	460.000		
10	Endursendar keyptar vörur	-25.000		
11	Sölu kostnaður	270.000		
12	Vaxtagjöld	28.000		
13	Flutningskostnaður keyptra vara	40.000		
14	Söluhagnaður fastafjármuna	-3.300		
	Finnið eftirfarandi:			
	a) Kostnaðarverð seldra vara	Svar:		
	b) EBITDA	Svar:		
	c) Birgðir í upphafi árs	Svar:		
	d) Hagnaður ársins	Svar:		

Verkefni 7 – 4% (12 mínútur)

Sólstafir ehf. hefur ákveðið að endurmeta fasteign félagsins sem keypt var á árinu 1990 í samræmi við 31. gr. ársreikningslaga. Bókfært verð fasteignarinnar fyrir endurmat er 10 milljónir króna en áætluð endurmatshækkun er 40 milljónir króna. Verkefnið þitt er að útbúa þá færslu sem færð verður í bókhald Sólstafa ehf. vegna þessarar endurmatshækkunar og tilgreina hvort færsla sé færð í efnahagsreikningi eða rekstrarreikning. Ekki þarf að sýna færslu afskrifta í þessu dæmi.

Verkefni 8 – 15% (45 mínútur)

Excel:

Í vinnuskjalinu í tölvunni eru flipar sem auðkenndir eru með 8a, 8b, 8c og 8d. Verkefnið er :

- a) (1%) Raðið prófjöfnuðinum þannig að lyklar komi í röð eftir númeri.
(1%) Notið síðan fallið MAX til að finna hvaða fjárhæð er hæst í prófjöfnuðinum (Setjið svarið í reit C90).
(1%) Notið fall sem excel býður upp á til þess að tilgreina fyrstu 2 bókstafina í heiti hvers bókhaldslykils. Sýnið niðurstöðurnar í dálki D.
- b) (2%) Prófjöfnuðurinn stemmir ekki í flipa „Verkefni 8b“, þ.e. samlagning fjárhæða í dálki C er ekki 0. Notið fallið IF til að setja upp aðvörun í reit C36 þar sem skilaboðin „Stemmir“ eiga að birtast ef samlagning fjárhæða er 0, en annars skal birtast „Stemmir ekki“ í reitnum.
(3%) Notið fallið VLOOKUP til þess að tilgreina fjárhæðina á bókhaldslyklinum „26700 Hlutfé“ (Setjið svarið í reit C37).
(2%) Notið fallið SUMIF til þess að tilgreina samtölu varanlegra rekstrarfjármuna í aðalbókinni (Setjið svarið í reit C38).
- c) (3%) Takið listann og gerið úr honum pivot töflu þannig að pivot taflan endi í nýju „sheeti“. Endurskýrið sheetið „Pivot“. Formið töfluna með því að velja svæði (field) þannig að hún líti út eins og hér að neðan :

Row Labels	Sum of Staða
01 Eiginir	15.784.473
02 Skuldir	-1.327.716
03 Eigið fé	-14.456.757
04 Rekstur	-3.237.999
Grand Total	-3.237.999

- d) (2%) Notið fallið PV til að finna út núvirði þess að fá greiddar kr. 1.000.000 á ári í 4 ár miðað við að vextir séu 10%.

Verkefni 9 – 27% (81 mínúta)

Ársreikningur :

Verkefni þitt er að stilla upp ársreikningi (rekstrarreikningur og efnahagsreikningur, ekki sundurliðanir) fyrir Bangsa ehf. fyrir árið 2015. Aðalbók félagsins liggur fyrir (sjá fylgiskjal og ársreikningsform) en eftir er að gera nokkrar lokafærslur sem tengjast neðangreindum athugasemdum. Fylgiblöð með þessu verkefni eru fyrningaskrá þar sem búið er að setja inn heiti eigna og aðalbókin þar sem búið er að setja upp dálka vegna færslna í debet og kredit og lokastöðu en eftir er að setja inn formúlur í dálkinn lokastaða. Að lokum er form fyrir ársreikning. Ath. að 7% hluti þessa verkefnis tengist excel hluta prófsins og felst í að sýna kunnáttu í excel, einkum varðandi að tengja ársreikninginn við aðalbókina með skýrum hætti (ekki innsláttur talna, heldur sækja tölurnar úr aðalbókinni yfir í ársreikninginn) og að útreikningar séu sýndir með skýrum og aðgengilegum hætti og frágangur vandaður.

1. Eftir er að færa fyrningar ársins. Félagið beitir svokallaðri línulegri afskrift (ekki skattalegri) á rekstrarfjármuni sína. Eina fjárfesting ársins var sú að félagið keypti í febrúar flökunarvél fyrir kr. 3.550.000, áætlað hrakvirði er 10% og afskrifast hún um 10% árlega. Fasteign félagsins var keypt 1. júlí 2007 á kr. 19.000.000 og áætlað hrakvirði hennar er kr. 1.000.000 og áætlaður líftími hennar 50 ár. Skrifstofuáhöld og tæki samanstanda af tölvubúnaði sem var keyptur í janúar 2014 á kr. 5.500.000, en hann hefur ekkert hrakvirði. Áætlaður líftími skrifstofubúnaðar er 5 ár. Félagið átti vöruflutningabifreið í upphafi árs 2015 sem var seld í október að fjárhæð kr. 5.000.000 en kaupverðið var greitt í desember 2015. Vöruflutningabifreiðin var keypt árið 2011 á kr. 8.000.000 en áætlað hrakvirði hennar var kr. 800.000 og áætlaður líftími 10 ár.

Búið er að setja upp fyrningaskýrsluna að hluta í fylgiskjali og þarft þú að ljúka við hana ásamt því að færa viðeigandi færslur.

2. Langtímalán nr. 713 er verðtryggt og í árslok 2015 eru 180 mánaðar afborganir eftir af láninu. Nafnverð eftirstöðva þann 31.12.2015 er kr. 8.400.000 og eru vísitölur þann 1. desember 2015 430,9 og þann 1. janúar 2016 429,4. Grunnvísitala lánsins er 365,5.

3. Á biðreikningi (nr. 8920) stendur fjárhæðin kr. 1.000.000 en hún er þannig tilkomin að bókarí félagsins var ekki viss hvernig ætti að færa hækkun á hlutafé félagsins sem var framkvæmd á árinu 2015 og greidd sama ár. Félagið gaf út nýtt hlutafé á árinu að nafnverði kr. 200.000 á genginu 5.

4. Eftir á að færa varúðarniðurfærslu krafna, en félagið hefur þann háttinn á að líta svo á að 3% af útistandandi kröfum muni tapast. Auk þess er talið að helmings líkur eru á því að krafa að fjárhæð kr. 3.000.000 fái greidd þar sem hún er eldri en 60 daga gömul og viðskiptavinurinn stendur höllum fæti.

5. Í byrjun desember fyrirframgreiddi félagið húsaleigu fyrir tímabilið 01.12.2015-29.02.2016 að fjárhæð kr. 4.500.000 og var sú fjárhæð gjaldfærð í desember 2015. Húsaleigan er án virðisaukaskatts.

Ekki þarf að bæta við bókhaldslyklum í próffjöfnuðinn. Ábending: ekki þarf að huga að tekjuskatti í þessu verkefni, þ.e. sú fjárhæð sem færð er á tekjuskatt skal standa þannig óbreytt.